

Þinggerð

framhaldsstofnþings Héraðssambands Þingeyinga

haldið í Skjólbrekku Mývatnssveit 12. apríl 2008

Formaður HSP Arnór Benónýsson bauð þingfulltrúa velkomna og setti þingið. Þá skipaði hann þingforseta þá Ingólf Freysson Völsungi og Baldur Daníelsson Eflingu. Þingritarar voru skipuð Ólafur Ólafsson Einingunni og Þóra Fríður Björnsdóttir Eflingu. Þá var skipað í kjörbréfanefnd, Hermann Aðalsteinsson Eflingu formaður, Árni G. Helgason Geisla og Soffía Björgvinsdóttir Aftureldingu. Formaður las skýrslu stjórnar. Ekki rakið nánar hér en vísað til skýrslu HSP fyrir árið 2007. Rósa Backmann útskýrði reikninga sambandsins og Arnór fór yfir reikninga UNÞ.

Kjörbréfanefnd gerði því næst grein fyrir störfum sínum. Alls voru mættir 40 fulltrúar frá 16 félögum af 27, auk þess einn fulltrúi frá félagi sem hefur sótt um aðild en hefur ekki enn fengið formlega inngöngu. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað margir eiga rétt á setu en talan 81 er notuð. Eftirtalin 11 félög sendu ekki fulltrúa á þingið: Gaman og alvara, UMF Austri, ÍF-Laugaskóla, Magni, UMF Reykhverfungur, Gólfkl. Gljúfri, Gólfkl. Hvammur, Hestam.fél. Grani, Hestam.fél. Þjálfí, Skotfélag Húsavíkur og Skotfélagið Skotöx.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Haraldur Bóasson spurði um skiptingu gjalda milli deilda, einnig um vaxtagjöld og vaxtatekjur. Arnór gerði grein fyrir að við brotthvarf héraðsnefndar hafi tekjustofnar rýrnað og því orðið að brúa bil með auknum yfirdrætti, það skýrði að hluta vaxtagjöld. Rósa Backmann útskýrði að vaxtatekjur gætu t.d. orðið ef greiðsluseðlar vegna æfingagjalda væru greidd eftir eindaga. Hún gerði einnig grein fyrir skiptingu gjalda milli deilda, frjálsar um 1.4 millj., sund rúml. 181 þús. knattspyrna 87 þús. glíma 100 þús. skíði 40 þús. og bridds 28 þús. Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða. Næst var tekin fyrir inntaka nýs félags í sambandið, en Hestamannafélagið Feykir hefur sótt um aðild. Félagið uppfyllir öll skilyrði fyrir inngöngu og var umsóknin samþykkt samhljóða og félagið boðið velkomið.

Skipað var í starfsnefndir þingsins, lagt til að þær verði þrjár. Allsherjarnefnd, formaður Soffía Björgvinsdóttir Aftureldingu, fjárhagsnefnd, form. Sveinn Aðalsteinsson Völsungi og framtíðarnefnd, form. Þorsteinn Ægir Egilsson UMF langnesinga.

Ávörp gesta, fyrst á mælendaskrá Björg Jakobsdóttir frá stjórn UMFÍ. Hún flutti þinginu kveðju formanns og stjórnar. Hún fór yfir helstu atriðin í starfinu síðasta ár, 100 ára afmæli UMFÍ, Landsmótið í Kópavogi, Unglingalandsmótið Höfn. Hún nefndi átaksverkefni um að börn af erlendum uppruna taki þátt í

íþróttum. Einnig nefndi hún átakið ganga.is og euf.is um Evrópu unga fólksins. Þá sæmdi hún Harald Bóasson starfsmerki UMFÍ fyrir gott starf við frjálsar íþróttir. Þá gat hún þess að út væri komin bókin Vormenn Íslands saga UMFÍ í 100 ár.

1

Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri fræðslusviðs ÍSÍ tók næst til máls og færði þinginu kveðju stórnar og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Hann hvatti félög til skila á starfsskýrslum, ræddi um ferðasjóð og þjálfaranámskeið í fjarnámi, og hvatti til aukinnar þátttöku í fyrirmyndarfélaginu. Mynnti félögin á að nýta sér starfskrafta hans í félagsstarfinu.

Arnór þakkaði gestum fyrir orð sín og gat þess síðan að stjórn HSP hefði ákveðið að gefa aðildarfélögum eitt eintak af bókinni Vormenn Íslands.

Síðan las hann upp tillögur stjórnar, fyrst fjárhagsáætlun og var henni vísað til fjárhagsnefndar. Skráð hér sem tillaga nr. 1

Tillaga 2

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12. apríl 2008 samþykkir að leggja niður afreksmannasjóð HSP í núverandi mynd og beinir því til stjórnar að finna nýjan farveg til að starfrækja slíkan sjóð svo sómi sé að.

Vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga 3

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12. apríl 2008 samþykkir að leggja niður Fræðslusjóð HSP og beinir því til stjórnar að finna málefnum hans annan farveg.

Vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga 4

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12. apríl 2008 samþykkir að fela stjórn sambandsins í samvinnu við stjórnir ráða að finna starfsemi þeirra nýjan ramma með það að meginmarkmiði að sérgreinaráðin verði fjárhagslega sjálfstæð og starfi á eigin ábyrgð. Niðurstaða þessarar vinnu skal kynnt á formannafundi á haustdögum 2008.

Vísað til framtíðarnefndar.

Tillaga 5

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12.apríl 2008 samþykkir að fela stjórn sambandsins að skipa stjórn aksturssjóðs HSP og setja honum reglugerð á grundvelli fyrirliggjandi draga með það að markmiði að fyrsta úthlutun úr sjóðnum fari fram í maí 2008.

Vísað til framtíðarnefndar.

2

Tillaga 6

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12.apríl 2008 þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum sem styrktu starfsemi sambandsins með einum eða öðrum hætti á árinu 2007.

Vísað til alsherjarnefndar.

Tillaga 7

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12.apríl 2008 þakkar samfélagssjóði Alcoa, fjárlaganefnd alþingis og sveitarfélögum á sambandssvæðinu fyrir rausnarlega aðkomu að stofnun aksturssjóðs HSP.

Vísað til alsherjarnefndar.

Tillaga 8

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12.apríl 2008 felur stjórn sambandsins að láta hanna merki sambandsins og leggja tillögu að því fyrir formannafund á haustdögum 2008.

Vísað til framtíðarnefndar.

Einnig vísað til fjárhagsnefndar að koma með tillögur að lottóúthlutun.

Nefndir tóku til starfa fram að matarhléi. Farið var í Hótel Sel og snæddur veislumatur. Nefndarstörf áfram að því loknu.

Þá var komið að nefndum að gera grein fyrir störfum sínum. Soffía formaður alsherjarnefndar reið á vaðið. Nefndin fékk tillögur nr. 6 og 7 til umræðu og lagði til að þær yrðu báðar samþykktar óbreyttar. Tillögurnar bornar upp og báðar samþykktar samhljóða án frekari umræðu. Næst komið að framtíðarnefnd Þorsteinn Ægir gerði grein fyrir starfi hennar. Þar voru tillögur nr. 4, 5 og 8 ræddar. Lögð til breyting á tillögu 4. Breytingin hljóðar svona.

Framhaldsstofnþing.....12.apríl 2008 samþykkir að fela stjórn sambandsins *að skipa vinnuhóp í samráði við stjórnir ráða til* að finna starfsemi.....
tillagan óbreytt að öðru leiti.

Lagt til að tillögur 5 og 8 verði samþykktar óbreyttar. Orðið gefið laust. Haraldur Bóasson velti fyrir sér tengingu ráða við HSP. Þóra Fríður Björnsdóttir beindi því til stjórnar að hafa samkeppni um hönnun nýs merkis. Tillögur 5 og 8 bornar upp óbreyttar og samþykktar samhljóða og tillaga 4 samþykkt með orðnum breytingum samhljóða.

3

Þá var komið að fjárhagsnefnd að skila störfum. Sveinn formaður gerði grein fyrir störfum hennar. Nefndin leggur til að tillaga nr. 2 verði samþykkt óbreytt. Hins vegar leggur nefndin til breytingu á 3. tillögu. Með breytingu hljóðar hún svona.

Framhaldsstofnþing.....12.apríl 2008 samþykkir að efla Fræðslusjóð HSP og beinir því til stjórnar að kynna hann betur meðal aðildarfélaga.

Lögð voru fram drög að tveimur tillögum um lottóúthlutun.

Reglur til úthlutunar:

Mæti félag ekki með fulltrúa á Ársþing HSP fær það félag ekki úthlutað úr lottó. Einnig þarf félag að hafa skilað starfsskýrslu fyrir úthlutunarárið.

Úthlutunarreglur: 20% til HSP og 80% til aðildarfélaga og ráða HSP

Skipting verður þannig: 15% eftir mætingu á Ársþing HSP, 70% eftir iðkendatali 6-17 ára og 15 % til félagsmanna 18 ára og eldri.

Ingvi Ragnar Kristjánsson gerði athugasemd við úthlutunarreglur og spurði hvað færi til ráða, einnig gerðar athugasemdir við uppsetningu tillagna. Lagt til að orðin “og ráða” verði felld út úr úthlutunarreglum. Þingforseti gaf nefndinni nokkrar mínútur til að leggja fram skýrari tillögur. Nefndin kom með þær þannig.

Tillaga 9

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12.apríl 2008 samþykkir þær reglur að mæti félag ekki með fulltrúa á Ársþing HSP fær það félag ekki úthlutað úr lottó. Einnig þarf félag að hafa skilað starfsskýrslu fyrir úthlutunarárið.

Tillaga 10

Framhaldsstofnþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Skjólbrekku 12.apríl 2008 samþykkir eftirfarandi úthlutunarreglur fyrir lottó.

20% rennur til HSP

80% rennur til aðildarféлага HSP

Skipting verður þannig: 15% eftir mætingu á Ársþing

70% eftir iðkendatali 6-17 ára

15% vegna félagsmanna 18 ára og eldri.

Einnig leggur nefndin til breytingu á fjárhagsáætlun þar sem kr.120 þús. verði bætt við gjaldalið vegna Fræðslusjóðs HSP. Tillaga nr 2 borin upp og samþykkt samhljóða, tillaga nr 3 borin upp eins og hún kemur frá nefndinni og samþykkt samhljóða. Tillögur 9 og 10 bornar upp og báðar samþykktar samhljóða. Þá var fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 borin upp og samþykkt samhljóða.

4

Fjárhagsáætlun 2008

Tekjur:	Rekstur 2006	Áætlun 2007	Rekstur 2007	Áætlun 2008
Skattar félaga	525.500	530.000	770.800	900.000
St. sveitafélaga	2.200.000	2.200.000	2.394.937	3.000.000
Önnur framlög	1.962.000	1.100.000	2.932.000	2.500.000
Lottó	2.679.718	2.400.000	2.610.141	3.700.000
Auglýs.tekjur	545.000	500.000	205.000	-
Ýmsar tekjur	96.300	40.000	2.378.365	550.000
Getraunir	215.103	210.000	226.198	230.000
Vextir	33.535	160.000	115.641	50.000
Útbreiðslustyrk	161.741	200.000	215.975	250.000
ULM 2006	2.270.892	-	320.749	-

Æf.gj./ skrán.	1.630.894	2.000.000	2.023.775	-
Sölustarf	1.424.756	700.000	979.974	50.000
Samtals	13.744.939	10.040.000	15.173.582	11.230.000
Gjöld:				
Stjórnunarkostn.	5.211.213	3.000.000	3.875.474	6.000.000
Lottó til félaga	1.713.055	1.576.000	1.726.052	2.960.000
Útgáfustarfsemi	-	-	-	-
Þjálfun frjálssar	1.979.356	2.200.000	3.155.000	-
Bridds	56.955	25.000	28.442	-
Frjálssar íþróttir	1.522.101	675.000	1.377.842	-
Glíma	138.412	275.000	100.784	-
Knattspyrna	95.670	100.000	87.600	-
Sund	181.340	380.000	181.620	-
Skíði	39.545	35.000	40.000	-
Ýmis kostnaður	21.092	10.000	169.858	1.750.000
Landsm. UMFÍ	253.286	150.000	578.613	225.000
Afreksm.sjóður	-	160.783	204.410	-
Vörukaup	1.889.574	250.000	551.915	-
Afskrifað	-	-	-	-
Vextir/þjón.gj.	266.958	100.000	117.795	150.000
Fræðslusjóður	50.000	-	-	120.000

Samtals:	13.418.557	8.936.783	12.195.405	11.205.000
Hagnaður/ Tap	326.382	1.103.217	2.978.177	25.000

5

Kosningar voru næst á dagskrá. Lögð var fram eftirfarandi uppstillingartillaga.

Formaður í kjöri til eins árs (2008)

Arnór Benónýsson Eflingu

Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára 2008:

Jóhanna Dögg Stefánsdóttir Austra

Soffía Björgvinsdóttir Aftureldingu

Svandís Sverrisdóttir Völsungi

Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára 2007:

Linda Baldursdóttir, varaformaður Völsungi

Einar Ingi Hermannsson Einingunni

Jóhann Rúnar Pálsson UMFÖxfirðinga

Varamenn í kjöri (2008) til tveggja ára:

Ingvar Helgi Kristjánsson Bjarma

Súsanna Kristinsdóttir Mývetningi

Varamaður í kjöri (2007) til tveggja ára:

Jón Óskarsson Bjarma

Skoðunarmenn reikninga:

Kristján I. Jóhannesson Bjarma

Jón Óskarsson Bjarma

Til vara:

Guðmundur S. Héðinsson Leifi heppna

Tillagan samþykkt samhljóða með lófaklappi. Ólafur Ólafsson spurði um setu í ráðum, kosið var í ráðin á síðasta ársþingi og gildi sú kosning fram að þessu þingi, væru þá ráðin formlega lögð niður? Arnór svaraði að þau störfuðu áfram á grundvelli 4. tillögu. Hann hafi beðið formenn ráða að ræða við aðra meðlimi um að sitja áfram.

Þingforseti þakkaði fulltrúum fyrir gott þing og óskaði eftir að þingritarar fái að ljúka við þinggerð síðar. Arnór formaður þakkaði fyrir traust í hans garð og undirstrikaði að hann væri kjörinn til eins árs, þakkaði vinnusamt og gott þing þakkaði þingforsetum, riturum og nefndarformönnum góð störf. Hann gat þess að UMF Langnesinga hafi boðið til ársþings að ári.

Kaffihlé. Á meðan kaffiveitingar voru snæddar voru íþróttamenn HSP heiðraðir.

6

Sundmaður HSP 2007 er Ásgerður Ólöf Ásgeirsdóttir Völsungi. Móðir hennar Ólöf Ásta Ólafsdóttir tók við verðlaununum fyrir hana.

Glimumaður HSP 2007 er Bjarni Þór Gunnarsson Mývetningi.

Knattspyrnumaður HSP 2007 er Hafrún Olgeirsdóttir Völsungi.

Frjálsíþróttamaður HSP 2007 er Hafdís Sigurðardóttir Bjarma og er hún einnig Íþróttamaður HSP árið 2007, enda státar hún ef mörgum afrekum í sinni grein á árinu.

Formaðurinn Arnór þakkaði fyrir gott þing óskaði mönnum góðrar heimferðar og sleit þingi.

Endurritað Ólafur Ólafsson

